

Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða (SEV) haldinn í húsnæði SEV að Suðurgötu 9 Ísafirði (Vinnuveri) 28. maí 2019. kl 12.00

Formaður stjórnar SEV, Sigurveig Gunnarsdóttir bauð fulltrúa velkomna og lagði til að Smári Haraldsson yrði kosinn fundarstjóri og Hrefna R Magnúsdóttir ritari. Dagskrá fundarins var síðan kynnt og fulltrúar kynntu sig og frá hvaða aðila þeir kæmu.

Mættir voru : Sigurveig Gunnarsdóttir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað, Karítas Pálsdóttir og Ólafur Baldursson Verkalýðsfélag Vestfirðinga- Verkvest og félag járníðnaðarmanna, Aðalsteinn Óskarsson Fjórðungssamband Vestfirðinga- Vestfjarðastofa, Dagný Sveinbjörnsdóttir og Helga Konráðsdóttir Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Sædís María Jónatansdóttir og Þóra Marý Arnórsdóttir Ísafjarðabæ, Guðrún Stella Gissurardóttir Vinnumálastofnun, Ragnheiður Ása Yngvarsdóttir Fosvest. Samstarfsaðilar Kjartan Árnason og Salóme Elín Ingólfssdóttir, Karen Guðmundsdóttir Sjúkraþjálfun Vestfjarða, Petra Hólmgrímsdóttir starfsmaður SEV, Harpa Kristjánsdóttir, forstöðumaður SEV, Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir Virk, Smári Haraldsson.

Dagskrá:

Byrjað var á hádegisverði og boðið upp á veitingar í boði Vesturafls.

Fræðsluerindi – Þú ert við stjórn

Kristjana Milla Snorrardóttir, mannauðs og rekstrarstjóri hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Kristjana Milla er iðjuþjálfari í grunninn og hélt erindi sem hún tengdi bæði við menntun sína og störf á fjölbreyttum vettvangi m.a innan ferðaþjónustunnar.

Fjallað var m.a um og streitu og álag á vinnustöðum og í daglegu lífi fólks, forvarnir og bjargir, hvernig eiga að aðlaga umhverfið/ verkefni að einstaklingum, aukna þekkingu og fræðslu, bættu tímastjórnun (Q1-4 – mikilvægt og áriðandi) og hvað hægt er að gera til að auðvelda sér lífið.

Niðurstaðan var sú að gefa sér meiri tíma í Q2 verkefni sem eru mikilvæg en ekki áriðandi. Vera fylgin sér og bera virðingu fyrir tíma sínum í lífi og starfi.

Ársfundur – aðalfundarstörf:

1. Skýrsla formanns. og skýrsla forstöðumanns.
2. Ársreikningur liðins árs kynntur og lagður fram til samþykktar.
3. Kosning til stjórnar sbr. 4. gr. samþykta fyrir SEV.
4. Kosning endurskoðenda.
5. Önnur mál.

Fulltrúar 10 aðila voru mættir á aðalfund

1. Skýrsla formanns og skýrsla forstöðumanns

Harpa Kristjánsdóttir forstöðumaður SEV kynnti skýrslu formanns og forstöðumanns og fór yfir starfsemina á árinu 2018.

Í upphafi máls síns kynnti hún Petru Hólmgrímsdóttur, nýjan starfsmann SEV, sem hóf störf 1. mars.

Þá gerði grein fyrir starfsemi SEV árið 2018, sem fer fram að stæstum hluta í Vinnuveri, fjármögnun, tilvísunum og þátttakendum, endurhæfingunni og innihaldi hennar, samstarfsfólki og fleira.

Árið 2018 var 41 tilvísun vegna 28 einstaklinga, 20 hófu endurhæfingu á árinu. Lengd tilvísana voru 1-6 mánuðir, 7 tilvísanir voru fyrir 5 einstaklinga í styttri úrræði eða stök námskeið. Kynjaskiptingin var þannig að karlar voru 30% og konur 70%. Tvær megin leiðir eru í endurhæfingunni, mat á stöðu einstaklinga og einstaklingsmiðuð, þverfagleg starfsendurhæfing sem er formleg endurhæfing sem nemur að lágmarki 15-20 tímum á viku. Sagt var frá nýjum áherslum í starfinu, nýju samstarfi allra starfsendurhæfingastöðva sem stofnuðu með sér hagsmunasamtök sem heitir BYR og er Harpa fulltrúi í nýrri stjórn BYR. Einnig var sagt frá samskiptum og samstarfi við Virk og fleira. Harpa kynnti einnig rannsóknarverkefni sem tengist námi hennar í náttúrutengdri starfsendurhæfingu og er stefnt að því að úr verði gagnreynt úrræði sem áfram verði boðið upp á í Starfsendurhæfingu Vestfjarða. Framundan er áframhaldandi þróun starfseminnar, klára rannsókn, innleiðing persónuverndarlaga og að taka upp nýtt tölvuverfi sem m.a mun halda utan um skráningu þátttakenda, tölfræði og fleira.

Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar tók til máls undir þessum lið og kom með ábendingar varðandi ársskýrsluna og ítrekaði mikilvægi þess að það kæmi vel fram í henni hvernig starfsemi SEV og starfsemi VIRK tengjast. Einnig var hann að velta fyrir sér hvort það sé hlutverk SEV að veita aðstoð eða ráðgjöf til stjórnenda fyrirtækja og stofnana. Harpa fór yfir verklag í tengslum við þjónustuna og Petra Hólmgrímsdóttir útskýrði rétt fólks til starfsendurhæfingar og fleira. Sigurveig Gunnarsdóttir tók einnig til máls og þakkaði Jóni fyrir fyrirspurnir og ábendingar. Umræður urðu um hvort einhver úrræði væru fyrir fyrirtæki eða stofnanir á svæðinu til að fá aðstoð áður en starfsfólk dettur út af vinnumarkaði. Harpa svaraði því að allir sem fengju endurhæfingu í gegnum SEV þyrftu að hafa tilvísun og það væri miðað út frá einstaklingum en ekki vinnustöðum. Umræður urðu um þessi mál.

Sigurveig Gunnarsdóttir þakkaði Hörpu fyrir ársskýrslu og fagnaði því að starfsendurhæfingarstöðvar séu núna með sameiginlegan vettvang til að koma sínum hagsmunamálum á framfæri og þá m.a gagnvart VIRK.

Guðrún Stella þakkaði fyrir skýrslu formanns og forstöðumanns og spurði hvernig það væri á öðrum starfsendurhæfingastöðvum, hvort það sé almennt þannig að endurhæfingartíminn sé bara 6 mánuðir. Hún fór yfir réttindi sem atvinnulausir sem eru með skerta starfsgetu eiga og að það sé mikilvægt að einstaklingar hafi möguleika á því að fá endurhæfingu í lengra tímabil. Harpa útskýrði að tilvísanatímabilið er 6 mánuðir en

endurhæfingartímabilið getur verið lengra, þó sjaldan lengra en 18 mánuðir. Karítas Pálsdóttir þakkaði fyrir skýrslu forstöðumanns og fór yfir aðdraganda að stofnun Starfsendurhæfingar Vestfjarða og hvaða þættir það væru sem höfðu áhrif á að þetta úrræði var sett á fót og hver hvatinn var að stofnun starfsendurhæfingarinnar. Undirbúningur hófst árið 2008 og var stofnfundur sama ár. Starfsemi SEV hófst síðan formlega 19. febrúar 2009.

Aðalsteinn Óskarsson þakkaði fyrir ársskýrslu forstöðumanns og formanns og fagnaði nýjum samstarfsvettvangi starfsendurhæfingastöðva – BYR. Hann taldi rétt að beina því til samtakanna að farið yrði yfir lög sem varða starfsendurhæfingu, stjórnarsýsluna og hvetur samtökin til að skoða þessi mál nánar. Einnig að draga fram hvernig starfsemi SEV er í ferlinu og fleira.

2. Ársreikningur liðins árs kynntur og lagður fram til samþykktar

Ársreikningur liðins árs var kynntur og lagður fram. Sigurveig Gunnarsdóttir formaður fór yfir ársreikninginn en hann var endurskoðaður af Endurskoðunar Vestfjarða. Stjórn hefur samþykkt og áritað ársreikning.

Tekjur voru 25.485.362. Gjöld voru 27.853.049. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 316.853 og tap ársins því 2.050.834. Samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2018 eru eignir alls 29.683.293 og skuldir og eigið fé 29.683.293.

Orðið var gefið laust og óskaði Guðrún Stella eftir nánari útskýringu á tapi í ársreikningi. Útskýrði Harpa m.a að kostnaður við úrræði hafi aukist, kostnaður vegna lóðar SEV var meiri og fleiri þættir hefðu þau áhrif að tap varð á rekstri SEV í fyrsta skipti frá stofnun.

Smári Haraldsson spurði til hve langs tíma samningurinn við VIRK sé. Harpa sagði að samningurinn gildir til loka árs 2020. Einnig var spurt um hvort starfsemin sé á fleiri stöðum en Ísafirði. Upplýst var að tengiliður er á Patreksfirði en ekki hefur verið starfsemi á Hólmavík en rætt var um að koma því á ef þörf sé á því.

Aðalsteinn Óskarsson spurði hvort áætlun fyrir 2019 sé þá miðuð út frá því að hún sé á núlli, að það sé ekki gert ráð fyrir hagnaði eða tapi. Harpa upplýsti að gerðar séu áætlanir í rekstri út frá 6 mánuðum í senn og að það sé ekki hægt að sjá alveg fyrir alla þætti í starfseminni en ekki sé gert ráð fyrir hagnaði.

Karítas upplýsti að það fjármagn sem stofnaðilar lögðu inn í upphafi megi ekki nota sem rekstrarfé og sé stofnfé sem er ætlað til að hafa sem varasjóð.

Ársreikningur var borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Kosning stjórnar sbr. 4. gr

Út aðalstjórn eiga að víkja vegna stjórnarsetu í 2 ár þær Guðrún Stella Gissurardóttir og Arnheiður Jónsdóttir og gefa þær kost á sér áfram. Sama á við um Karítas Pálsdóttur en hún gefur þó ekki kost á sér áfram. Tillaga kom um að Ólafur Baldursson fulltrúi Verkvest verði kosinn í aðalstjórn og var það samþykkt.

Úr varastjórn eiga að ganga Aðalsteinn Óskarsson, Finnbogi Sveinbjörnsson og Sigurborg Þorkeldsdóttir og gefa þau öll kost á sér aftur. Elfa Hermannsdóttir hefur beðist undan áframhaldandi setu úr varastjórn vegna flutninga og kom tillaga um að Þóra Marý Arnórsdóttir fulltrúi Ísafjarðabæjar komi inn í varastjórn til eins árs og var það samþykkt.

4. Kosning endurskoðanda

Samþykkt var að Endurskoðun Vestfjarða, Guðmundur E Kjartansson yrði áfram endurskoðandi SEV.

5. Önnur mál.

Það kom fram undir þessum lið að ekki er greitt fyrir stjórnarsetu í stjórn SEV en Jón Páll Hreinsson kom með tillögu um að það verði óbreytt og var það samþykkt.

Óskað var eftir að fundarstjóri og fundarritari fengju að klára fundargerð og legðu hana fram á næsta stjórnarfund.

Sigurveig þakkaði Karítas Pálsdóttur sem er að víkja úr stjórn sérstaklega fyrir stjórnarsetu frá upphafi og óskaði henni velfarnaðar.

Harpa spurðist fyrir um það hvort óskað væri eftir því að fundarboð yrði sent á varastjórn líka og var það samþykkt. Harpa mun fylgja því eftir.

Formaður bauð nýjan starfsmann SEV og nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14. 50